

# RÉTTINDI FÉLAGSMANNA EFTIR STARFSLOK



Félagsmenn njóta fullrar þjónustu skrifstofunnar og geta sótt styrki úr sjóðum félagsins í sex mánuði eftir að síðustu greiðslur til félagsins og í sjóði berast frá launagreiðanda.

## STYRKAR- OG MENNTUNARSJÓÐUR

Hætti félagsmaður störfum hjá aðildarfyrirtæki SSF, eftir að hafa greitt félagsgjald samfelt í að minnsta kosti 6 mánuði, á viðkomandi fullan rétt á almennum styrkjum úr bæði styrktarsjóði og menntunarsjóði í 6 mánuði eftir að síðustu félagsgjöld berast félaginu frá launagreiðanda.

## NÁMSSTYRKIR FYRIR ATVINNULAUSA FÉLAGSMENN

Atvinnulausir félagsmenn SSF geta sótt um styrki í allt að 2 ár eftir starfslok vegna náms sem þeir stunda, enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu. Umsókn þarf að fylgja afrit úr staðgreiðsluskrá á þjónustuvef RSK fyrir tímabilið frá starfslokum svo umsókn sé metin réttmæt. Sótt er um í gegnum netfang félagsins, [ssf@ssf.is](mailto:ssf@ssf.is).

## AÐSTOÐ VIÐ GERÐ FERILSKRÁR

SSF veitir félagsmönnum sínum, sem ganga í gegnum starfslok, aðstoð við gerð ferilskráa en samtökin eru með samning við Hagvang og hafa beint félagsmönnum sínum þangað ef fyrirtækið býður ekki upp á slíkt. Þjónusta Hagvangs snýr m.a. að því að farið er yfir ýmis hagnýt atriði sem nýtast í atvinnuleit; svo sem gerð ferilskrár, undirbúning fyrir atvinnuleit og atvinnuviðtöl og fleira. Fólk fær aðstoð við að auðkenna styrkleika sína svo hægt sé að nýta þá í væntanlegri starfsleit.

## LÖGRÆÐILEG AÐSTOÐ

Leiki einhver vafi á því að staðið hafi verið að uppsögn með löglegum hætti geta samtökin haft milligöngu um samtal við vinnuréttarlögfræðing til að fá skorið úr álitamálum.